

Mánudaginn 19. mars 1984

Nr. 49/1984. **Ákærvaldið**

gegn

William James Scobie

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði skemmri en þar greinir. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. mars, en á dómþingi sakadóms Reykjavíkur af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að tilhlutan ríkissaksóknara gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða, William James Scobie, fæddum 27. 04. 1962, til heimilis að Barmahlíð 35 hér í borg, var gert að sæta þann 25. febrúar sl. og rennur út í dag kr. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Málavextir.

Kærði, William James Scobie, hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 17. febrúar sl. tekið leigubifreið við Hótel Sögu kl. 19:30 og beðið bílstjóran að aka að Hótel Loftleiðum. Kærði hefur viðurkennt að hafa ógnað leigubílstjóranum með byssu á leið þeirra að Hótel Loftleiðum og neytt hann til að aka bifreiðinni að Nauthólsvegi. Kærði hefur viðurkennt að hafa síðan ekið á brott, eftir að bílstjórninn yfirgaf bifreiðina.

Kærði hefur borið að hafa föstudaginn 17. febrúar sl., um kl. 20:00, ráðist að starfsmanni ÁTVR og ógnað honum með byssu, er hann hugðist leggja krónur 1.839.134.- inn í næturhólf bankans. Kærði náði fé þessu af starfsmanni ÁTVR með ofbeldislegum hætti.

Við rannsókn málsins hefur Ingvar Heiðar Þórðarson játað aðild að broti kærða, William James Scobie.

Rannsókn máls þessa miðar vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara gögn málsins til ákvörðunar.

Geðrannsókn, sem William James Scobie, hefur lýst sig fúsan til að gangast undir, er þó eigi lokið.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar við fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k., kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, William James Scobie, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Mánudaginn 19. mars 1984.

Nr. 50/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Ingvari Heiðari Þórðarsyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974